

Eftirfarandi er lýsing á undirbúningi til slagregnsprófunar á ísetningu glugga.

Undirbúningur:

1. Það þarf að vera búið að setja plast tappana í öll adjufix götin.
2. taka skal tappa úr einu adjufix gatinu í botnstykkinu, fjarlægja skrúfuna og skrúfa adjufixið alveg til baka að glugganum þannig að það snerti ekki steininn.
3. gera gat á plast tappann fyrir slöngu, setja slönguendann í gegn um gatið þannig að hann fari niður undir gatið í steininum og koma tappanum aftur fyrir í gatinu.
(ég kem með slönguna til að setja í gegnum gatið ef þið eigið ekki eina slíka)
4. til að slangan sé þétt í gatinu á tappanum skal setja kennara tyggjó eða kítti inn í plasttappann til að þétta með slöngunni, þó þannig að slangan krumpist ekki.
5. þræða hinn enda slöngunnar í gegnum annað mælagatið á plötunni
6. blása og sjúga í slönguna til að kanna hvort það sé nokkur mótstaða.

Afskermun gluggans að innan:

Ef ekki er verið að leita að leka.

7. Þá er hægt að nota krossvið sem nær út fyrir brúnir gluggans.

Ef verið er að leita að leka

8. nota plötu úr 10 – 12 mm plexi eða útbúa timburgrind með gegnsæju plasti.
(dæmi: plast sem notað í glugga í tjöldum sem sést betur í gegnum en byggingarplast)
9. setja þéttlista (t.d. glerjunarborða) sem næst brún á gluggagati til að þétta á milli grindar/plötu og veggjar.
10. grindin/platan er sett yfir gatið og skrúfuð eða teypuð á vegginn að innanverðu.
11. ef nota á plast á grind í stað plötu þarf að setja ca150 mm þverslá í miðjuna og gera þar göt fyrir ryksugu, tvo mæla og gat með stilliloku.
12. stærðin á þessum götum á plötunni eða þverslánni í grindinni er eftirfarandi:
 - a. gat fyrir ryksugu skal falla þétt að ryksugustútum sem á að nota.

F.Hansen

Gæðastjórnun og slagregnsprófanir


- b. gat fyrir stillisþjald skal vera ca 70 mm og leppur yfir sem er festur með skrúfu í einu horninu þannig að það sé hægt að stilla opið á gatinu, frá alveg opið og niður í alveg lokað.
 - c. götin fyrir mælana skulu vera 7 mm hvort.
13. ef glugginn er stór og það er verið að nota plast þarf að styrkja plastið með þverlám umfram þverslána með götunum, þannig að plastið sjúgist ekki of mikið inn að glugganum.



Dæmi þegar notað er plast í stað plötu:

Þá þarf að vera ca 150 mm slá fyrir göt fyrir slöngur, ryksugu og loftstilli spjald.

Sláin þarf að vera tvöföld þannig að plastið klemmist á milli tveggja flata til að það rifni ekki út frá götunum þegar sundirþrýstingu er settu á.



Mynd af götum á plötu eða þverslá, allt ca mál.

F.Hansen

Gæðastjórnun og slagregnsprófanir

Platan skal ná minnst ca 10 cm út fyrir brúnir á gluggagati.

Myndir af nokkrum dæmum á uppsetningu á lokunum .



Hafnarfirði 15.04.2019

Höfundur

Ferdinand Hansen